

Fimmtudagurinn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 01/2023.

HRFÍ

Gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 12. janúar 2023 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann A við tíkina B án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 31. janúar 2023 og henni gefinn frestur til 28. febrúar. Engin andmæli bárust frá kærðu. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að POODLE, MEDIUM/MINIATURE/TOY

Skráning stærðarflokka (hæð á herðakamb): MED (medium, yfir 35cm til 45 cm), MIN (miniature, yfir 28 cm til 35 cm), TOY (yfir 24 cm til 28 cm). Auk paranna innan stærða, má para MED með MIN og MIN með TOY. Skrá skal hvolp sem það stærðarafbrigði sem foreldrar/stærra foreldri tilheyir. Endanleg stærð skal ákvörðuð eftir mælingu á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur. Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljaskoðun. DNA prófa skal undaneldishunda vegna prcd-PRA. Lámarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að parað rakkann án þess að gild augnskoðun, né niðurstöður úr DNA pörun lægju fyrir.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn


Kærða sætir tvær áminningar og vegna fyrri brota er kærða útilokuð frá starfi HRFÍ í 6. mánuði þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókaskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

Úrskurðurinn gildir frá og með dagsetningu úrskurðarins að telja en að þeim tíma liðnum er kærða fullgildur félagsmaður á ný komi ekki til frekari ágreinings við HRFÍ

f.h. siðanefndar



Arnheiður Runólfsdóttir



Sunna Birna Helgadóttir



Selma Olsen